

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Vopnalög Bogfimi ungmenna
386. mál, lagafrumvarp
151. löggjafarþing 2020–202

Dags: 04.03.2021

Bogfimideild Tindastóls fagnar frumkvæði þingmanna til að koma með breytingu á 31gr vopnalaga er varðar bogaeign ungmenna með hámarks dragþyngd boga. Um löngu tímabært framtak er að ræða en þau ákvæði sem eru í núverandi vopnalögum um bogaeign eiga sér enga hliðstæðu á hinum Norðurlöndunum eða annars staðar í Evrópu. Bogfimideild Tindastól telur frumvarp þingmanna ekki ganga nógu langt þar sem taka hefði þurft 30 gr F lið einnig til skoðunar þar sem sú grein hamlar í raun mest aukningu á bogfimi á Íslandi og bogaeign fólks ásamt 14gr reglugerðar vopnalaga sem skyldar fólk til að vera í íþróttafélagi innan ÍSí. Yfirvöld hafa ekki viljað fella niður skilduaðild að íþróttafélagi innan ÍSí þrátt fyrir að það sé í gildi félagafrelsi á Íslandi og samkvæmt þeim er óheimilt að skylda fólk til að vera í félögum. Því má leiða að því líkur að samkvæmt því sé 14gr reglugerðarinnar ólögleg en hugsanlega þarf að breyta lögum svo Dómsmálaráðuneytið felli hana út. Bogaeign almennings á hinum Norðurlöndunum er engum skilyrðum háð hvorki leyfi/skráningu, aldri, afli, gerð boga og örvaodda eða notkun þess við æfingar, keppni, veiði eða í ferðalagið. Bogfimideild Tindastóls veit til þess að búið að er að reyna fá þessum lögum breytt til samræmis við lönd Evrópu en því miður við litlar undirtektir yfirvalda. T.d eru bogar, örvar og örvaoddar ekki túlkað sem vopn í reglugerðum ESB heldur íþróttatæki.

Okkar tillaga er sú að fella í burtu hluta úr 30gr F lið vopnalaga og semja nýjan texta í 31gr sem myndi þá fjalla um bogaeign almennt. Þetta er lítil tilfærsla á texta en myndi skipta gríðarlega miklu máli fyrir bogfimi í heild sinni á Íslandi. Textinn væri þá í samræmi við reglur í hinum Norðurlöndunum. Þetta myndi að auki auðvelda ferðalög til og frá Íslandi með boga en innan Evrópu eru engar takmarkanir eða þörf á skráningum/leyfum þegar ferðast er með boga.

Tillaga að breytingu:

Breytist í

30gr.: f. lásboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn.

31gr.

Öllum er heimilt að kaupa og eignast boga, örvar og örvaodda sem ætlað er til æfinga, keppni og veiði án sérstaks leyfis, skráningu, afli og aldri. svo sem langboga, sveigboga og trissuboga. Barni yngra en (16-18) ára má þó ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar nema til æfinga og keppni undir eftirliti lögráða einstaklinga.

Bogfimideild Tindastóls hvetur Allsherjar og menntamálanefnd alþingis að taka umsögn okkar til skoðunar og koma inn þeim breytingum sem við mælum með til samræmis við Norðurlöndin að auki vitum við til að þeir sem sjái um leyfisveitingar á bogaeign telji að samræmi eigi þessi mál að öllu leyti við Norðurlöndin.

Fyrir hönd Bogfimideildar Tindastóls
Þórarinn Leifsson